

60. fundur Hverfisnefndar Oddeyrar 28.apríl 2015. Fundargerð.

Mætt voru: Jón Einar Jóhannsson, Ingimar Tryggvason, Perla Fanndal formaður, Kristín Elva Magnúsdóttir, Hjalti Jóhannesson og undirritaður.

Gestur var Sigurjón Jóhannesson en hans erindi var að kynna hverfisgöngu á vegum Sjálfstæðisflokksins sem fram á að fara miðvikudaginn 29.apríl kl. 17.

1. Rætt um umferðarmál, s.s. Glerárgötuna og hvernig breikkun hennar á sínum tíma klippti á tengingu Oddeyrar og Miðbæjar. Hraðakstur, “spyrna” er ákveðið vandamál á götunni.
2. Einnig rætt um hafnasvæði, m.a. minnt á þá staðreynd að höfnin norðan Samherja er á skipulagi fiskihöfn en ekki vöruhöfn. Hverfisnefnd sammála um að sjóflutningar séu af hinu góða en móttaka flutningaskipa á öllum tímum sólarhrings e.t.v. ekki svo heppileg þar sem aðeins eru 2-300 metrar í íbúðabyggð.
3. Minnt á það að taka ber tillit til íbúa nærliggjandi svæða þegar framkvæmdir tengdar atvinnufyrirtækjum og athafnasvæðum eiga í hlut. Ekki skyldi koma upp hávaðasömum tækjabúnaði án leyfa og samráðs. Við Hvannavelli og Furuveli eru t.a.m. aðeins örfáir tugir metra í íbúðalóðir.
4. Hjalti Jóhannesson gerði grein fyrir fundi sem hann átti ásamt Jóni Inga Cæsarsyni með Jón Birgi Gunnlaugssyni, forstöðumanni Framkvæmdamiðstöðvar 27. apríl. Þar kom fram að framkvæmdir eru hafnar við Eiðsvöll, komið er fé til lagningu nýrra kantsteina og fyrir mól í stíg og einnig stendur til að koma upp frísbíggolf “folf” körfum á vellinum og á opnum svæðum á Eyrinni. Þá er söguskilti í undirbúningi, þar koma fram sögustiklur um suðurhluta Oddeyrar, gamlar myndir auk Skipulagsuppdráttar Guðjóns Samúelssonar af Oddeyrinni frá 1927. Framkvæmdum við uppsetningu fyrirhugaðs vatnshana frestað vegna kostnaðar en hugsanlega hægt að leggja fyrir honum.
5. Rædd hugmynd um hreinsunaráttak, ruslapokar e.t.v. bornir í hús um kvöld og daginn eftir yrði reynt að hirða þá upp og slegið upp grillveislu seinnipartinn. Þetta yrði að gerast eftir að snjóa leysti. Möguleg dagsetning nefnd 30.maí

Kaffi Ilmi Hafnarstræti 107b, þriðjudaginn 28.apríl 2015.

Arnór Bliki Hallmundsson ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.